

Umsögn um 780. mál á 149. löggjafarþing – frumvarp um breytingu á upplýsingalögum, nr. 140/2012, með síðari breytingum

Efni frumvarpsins er að stærstum hluta ágætt en þó má þar finna örfá atriði sem mætti taka til skoðunar við þinglega meðferð.

1. Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er lagt til að gildissvið upplýsingalaga nr. 140/2012 (hér eftir uppl.) verði útvíkkað og nái einnig yfir þing, dómstóla og dómstólasýsluna. Þó taka ákvæði V.-VII. kafla ekki til þeirra enda óæskilegt með hliðsjón af þrískiptingu ríkisvalds að úrskurðarnefnd um upplýsingamál (ÚNU) hafi endurskoðunarvald um ákvarðanir þeirra. Texti II. kafla laga um dómstóla nr. 50/2016, svo og athugasemdir í frumvarpi því sem varð að dómstólalögum, bera með sér að um „sjálfstæða stjórnarsýslustofnun“ sé að ræða. Hlutverk hennar og störf, sem rakin eru í lögum og téðu frumvarpi virðast ekki gefa tilefni til að rétt sé að dómstólasýslan sé undanskilin gildissviði uppl.

Lagt er til að fyrsta málslið 2. mgr. 2. gr. verði breytt í „Lög þessi taka til dómstóla og dómstólasýslunnar. Ákvæði V.-VII. kafla laganna taka ekki til dómstóla.“

Í kafla 3.1. í almennum athugasemdum frumvarpsins segir „að æskilegt er að þessar greinar ríkisvaldsins [það er dómstólar og Alþingi] sjái sjálfar til þess að afgreiðslur beiðna um aðgang að gögnum í þeirra vörslum geti hlotið endurskoðun með skilvirku og sanngjörnu ferli.“ Tekið er undir þetta og þeim möguleika velt upp rétt sé að ítreka þetta sjónarmið í nefndaráliti eða því fundinn staður í texta laganna.

2. Í 9. gr. frumvarpsins er lagt til að ráðuneyti í Stjórnarráðinu skuli birta upplýsingar úr málaskráum með rafrænum hætti og er það vel. Hins vegar er rétt að velta fyrir sér hvort rétt sé að þessi skylda verði lögð á fleiri aðila. Mætti hér hafa hina norsku www.einnsyn.no í huga enda fyrirkomulagið þar til fyrirmyndar. Stjórnvöldum, og þá ráðuneytum sérstaklega, hafa öðru hvoru nefnt það hve mikill tími fer í það að svara fyrirspurnum og beiðnum um upplýsingar. Upp á síðkastið hefur borið á því að stjórnvöld, á ný sérstaklega ráðuneytin, tilgreini, bæði í svörum til blaðamanna svo og í svörum við skriflegum fyrirspurnum þingmanna, hve margar vinnustundir fóru í að taka svarið saman. Uppsetning slíkrar síðu myndi, þegar fram í sækir, spara gífurlegan tíma bæði fyrir stjórnvöld og þá sem óska eftir því að fá aðgang að gögnum.
3. Það er mat undirritaðs að 13. gr. frumvarpsins sé óheillaskref. Má í því samhengi vísa til þess sem kallað hefur verið lögmál Parkinson. Í athugasemd við greinina kemur fram að enn eigi meginreglan að vera sú að erindi séu afgreidd eins fljótt og auðið er. Hættan er hins vegar sú að stjórnvöld muni nýta sér ákvæðið með þeim hætti að það að svara verði dregið í alla virku dagana fjörutíu. Þeir sem kært hafa drátt á afgreiðslu til ÚNU þekkja það að hið kærða stjórnvald nýtir nær undantekningalaust þann tíma sem því er skammtaður. Gefi ÚNU svarfrest

til 15. maí kl. 16 þá má yfirleitt bóka að svar berst á bilinu 15.50-15.59. Slíkur 40 daga tími er því í það lengsta og rétt að taka til skoðunar hvort ekki sé rétt að stytta hann talsvert. Um þriggja vikna frestur, í stað þess tæplega átta vikna frests sem nefndur er í frumvarpinu, ætti að teljast hæfilegur.

Lagt er til að í stað tölunnar „40“ í 13. gr. komi talan „15“.

Reykjavík, 29. apríl 2019
Jóhann Óli Eirísson